

Veitur ohf
Bæjarháls 1
110 Reykjavík

Reykjavík, 28. júní 2024
UST202406-063/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Veitna ohf, dagsett 6. júní 2024, um leyfi til framkvæmda innan fólkvangsins Hlið.

Hlið er friðlýst sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 606/2020](#). Aðrar rannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og Minjastofnunar Íslands sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að spilla gróðri eða trufla dýralíf innan fólkvangsins. Viðhalda skal náttúrulegu gróðurfari og þess gætt að raska ekki líffræðilegri fjölbreytni svæðisins. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í fólkvanginum. Notkun fjarstýrðra loftfara er óheimil innan fólkvangsins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi innan fólkvangsins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til borunar vegna jarðhitaleitar innan fólkvangsins Hlið. Kort sem sýnir fyrirhugaða staðsetningu borholunar fylgdi með umsókn. Holan yrði um 100 metra djúp. Ekki yrði gert ráð fyrir sérstöku borplani. Gert er ráð fyrir að verktaki skili við svæðið með eins litlu raski og mögulegt er og fjarlægi borsvarf eftir borun. Að borun lokinni ætti fóðringarrör að ná 30 cm upp frá yfirborði og gengið frá holuni með stálhettu sem yrði boltuð föst á rörið. Áætlað er að 2 starfsmenn komi að verkefninu

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni líklegt til að hafa áhrif á náttúrufar svæðisins á framkvæmdartíma. Svæðið er í grend við alþjóðleg mikilvæg fuglasvæði og getur framkvæmdin haft neikvæð áhrif á fuglalíf sé framkvæmdarsvæði of nálægt fjörunni. Framkvæmdin er jafnframt talin geta haft áhrif á gesti svæðisins á framkvæmdartíma en svæðið er friðlýst sem fólkvangur. Mat Umhverfisstofnunar er að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á framkvæmdartíma sé farið að skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Veitum ohf fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan Hliðs sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið frá dagsetningu þessa bréfs til 15. júlí 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.

- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæði borsins skal haldið í lágmarki.
- Staðsetja skal borsvæðið eins langt frá varp og fæðusvæðum fugla eins og kostur er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, og um leið afmá öll ummerki verkefnisins.
- Sýnataka er eingöngu fyrir ofangreint verkefni og óheimilt er að afhenda þriðja aðila sýnin í gróðaskyni.
- Rannsóknaraðilar og farartæki skulu vera merktir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.
- Jarðrask tengt borunina skal fara fram utan varptíma fugla.
- Einungis skal aka jarðbornum að rannsóknarsvæðinu. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda/ sveitarfélags þarffyrir verkefninu.

Leyfi Minjastofnunar þarf fyrir verkefninu ef friðlýstar fornminjar eru innan 100 metra frá framkvæmdarsvæðinu. Ef um er að ræða aðrar fornminjar sem eru friðaðar þarf leyfi Minjastofnunar ef minjarnar eru innan 15 metra frá framkvæmdarstað nema annað sé ákveðið.

Sækja þarf um leyfi til Orkustofnunar fyrir rannsóknum á jarðhitasvæðum.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. **83.200**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir

sviðsstjóri

Jón Björnsson

sérfræðingur